

## Úrskurður nr. 3/2003.

- Endurákvörðun

**Kærandi slær inn rangan gjaldmiðil við SMT tollafgreiðslu. Tollstjóri endurákvörðar innflytjanda gjöld og krefur hann um greiðslu dráttarvaxta. Innflytjandi gerir kröfu um að dráttarvextir verði felldir niður þar sem hann telur að galli sé á tölvukerfi tollstjóra. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

Lög 55/1987 16. gr., 99. gr., 101. gr. og 108 gr. Reglugerð nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. 7.gr. og 10. gr.

Með bréfi, dags. 28. janúar 2003, sem barst nefndinni þann 30. janúar s.á., kærir B. úrskurð tollstjóra, dags. 30. desember 2002, en í honum eru aðflutningsgjöld endurákvörðuð af sendingu Y. Kæranda er gert að greiða kr. 291.298 í aðflutningsgjöld og dráttarvexti. Kærandi krefst þess að dráttarvextir verði felldir niður.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að fyrirtækinu hafi verið tilkynnt með bréfi, dags. 12. nóvember s.l., um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna vöru sem flutt var til landsins í sendingu Y. Eftirlitsdeild embættisins gerði athugasemd við að notuð var röng mynt við tollafgreiðslu umræddrar sendingar. Innflytjandi tilgreindi mynt vera ESP, en samkvæmt meðfylgjandi vörureikningi á myntin að vera EUR. Fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Engin andmæli né frekari gögn hafa borist embættinu. Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvörða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga segir að tollstjóra sé heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umrædd sending var afgreidd í SMT. Vangreidd aðflutningsgjöld af sendingu númer Y sem hér segir:

Almennur tollur	79.926,00
0,15% raffangaeftirlitsgjald	32,00
24,5% virðisaukaskattur	180.464,00
Dráttarvextir til 27.12.2002	<u>30.876,00</u>

Samtals 291.298,00

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Dráttarvextir reiknast frá eindaga til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Í gögnum sem kærandi sendi nefndinni kemur fram að sendingin var afgreidd í SMT afgreiðslu og mun kærandi hafa að sögn óvart notað ESP gjaldmiðil í staðin fyrir EUR. Hann telur það vera galla á tölvukerfi tollstjóra að þar inni séu gjaldmiðlar sem hætt sé að nota. Hægt sé að skrolla með tölvumúsinni til að finna réttan gjaldeyri og því komi það fyrir að viðkomandi rekist í músina, án þess að taka eftir því, og þá óvart skipt um gjaldeyri. Þetta mun hafa gerst að sögn kæranda með umrædda tollafgreiðslu. Tollafgreiðslan átti aldrei að fara í gegn með ESP gjaldmiðli þar sem hann er ekki til. Kæranda finnst ekki réttlátt að hann sé látinn taka alla sök á sig í þessu máli og telur að tollstjóri beri þarna ábyrgð, þar sem hann er með inni í tölvukerfi gjaldmiðla sem ekki séu í notkun. Kærandi krefst þess að fá alla dráttarvexti fellda niður.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 31 janúar 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 28. febrúar segir m.a.: Samkvæmt 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum ber sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskæti um gagnaflutningsnet vegna SMT- tollafgreiðslu ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Með hliðsjón af því verður að gera þær kröfur til innflytjenda að þeir sýni þá aðgát sem nauðsynleg er til þess að réttar upplýsingar skili sér í aðflutningsskýrslu og forðist mistök af þessu tagi.

Með hliðsjón af framansögðu krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður, dags. 30. desember 2002, um endurákvörðun aðflutningsgjalda af sendingu Y, verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 28. febrúar 2003. Var honum veittur frestur til að tjá sig um greinargerðina til 17. mars 2003. Nefndinni hefur ekki borist svar frá kæranda.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Kærandi telur það galla á veftollafgreiðslu tollstjóraembættisins að við gildistöku Evrunnar hafi þeir gjaldmiðlar sem hún tók við af ekki fallið út sem valmöguleikar í tölvukerfinu. Kærandi segist hafa óviljandi rekið sig í tölvumúsina og þannig hafi rangur gjaldmiðill ratað á tollskýrsluna jog er ekki sáttur við að þurfa að greiða dráttarvexti af vangreiddum gjöldum sem hann telur til komna vegna þessa galla í tölvukerfi tollstjóra. Tollstjóri vísar til 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en þar kemur fram að sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskæti um gagnaflutningsnet vegna SMT- tollafgreiðslu beri ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar.

Í 1. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 segir: *“Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskæti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjenda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá.”* Kærandi tilgreindi rangan gjaldmiðil við

tollskýrslugerðina og ber ábyrgð á skýrslugjöfnum, sbr. tilvitnaða lagagrein. Nefndarmenn geta ekki fallist á að tollstjóri beri ábyrgð á því að kærandi slái inn röngum upplýsingum við tollskýrslugerð. Kæranda var í lófa lagið að yfirfara skýrslugjöfina áður en hún var send tollstjóra til afgreiðslu. Það gerði hann ekki.

Að því er varðar kröfu tollstjóra um dráttarvexti verður að mati ríkistollanefndar ekki litið framhjá skýru orðalagi 7. mgr. 99. gr. sbr. og 2. mgr. 108 gr. tollalaga nr. 55/1987.

Með vísan til 1. mgr. 16. gr., 99. gr., 101. gr. og 108 gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. þann 30. desember 2002, er staðfestur.